

Upplifðu sumarið

Njóttu lífsins um alla Fjarðabyggð

Sumarið er tími hátíðanna í Fjarðabyggð. Þessi skemmtilegi árstími er á heildina litið samfelld lista- og menningarhátíð, með mikinn fjölda metnaðarfullra hátíða og viðburða.

Margir af stærstu viðburðum sumarsins eru framundan, eins og fjölskylduvænu sumarhátíðirnar Franskir dagar og Neistaflug, alþjóðlega rokkhátíðin Eistnaflug og Pólarhátíðin, sem vakið hefur verðskuldaða athygli. Í Tónlistarmiðstöð Austurlands og Sköpunarmiðstöðinni verður einnig ýmislegt spennandi á döfinni í sumar og margt fleira mætti nefna.

Þá ber að þakka þær glæsilegu hátíðir sem eru að baki eins og sjómanna-daginn, 17. júní hátíðarhöldin, hernaámsdaginn, nýja bryggjuhátið og síðast en ekki síst gönguviku allra landsmanna Á fætur í Fjarðabyggð.

Á nýjum þjónustuvef sveitarfélagsins **visitfjardabyggd.is** má nálgast á einum stað upplýsingar um viðburði í Fjarðabyggð. Mikilvægt er að vekja athygli á þessum glæsilega vef utan Fjarðabyggðar og síðan er upplagt fyrir okkur hér heima að fylgjast með því sem er í boði og taka þátt. Kjörið er að koma við í leiðinni á frábæru söfnunum okkar í Fjarðabyggð, fara í sund, taka einn hring í golfi eða ganga á okkar fallegu fjöll. Þá hafa veitingastaðir í Fjarðabyggð aldrei verið fleiri eða glæsilegri.

Tækifærin í Fjarðabyggð til að njóta lífsins eru fjölmörg og spennandi.

Skemmtum okkur um alla Fjarðabyggð í sumar.

Góða skemmtun,

Páll Björgvin Guðmundsson, bæjarstjóri.




FJARÐABYGGÐ

Allt um Fjarðabyggð á einum stað

Viðburðadagatal, veitinga- og gististaðir, sundlaugar, handverk og listiðnaður, afþreying og náttúra Fjarðabyggðar eru í aðalhlutverki á **visitfjardabyggd.is**. Þessum nýja þjónustuvef, sem hleypt var af stokkunum í maí sl. á íslensku, er ætlaður þeim sem vilja fylgjast með því sem er að gerast í Fjarðabyggð eða kynnst sveitarfélaginu betur.

Vefurinn þjónar einnig ferðamönnum með þjónustukortum fyrir hvern bæjarkjarna og öðrum gagnlegum ferðaupplýsingum. Enska útgáfan af visitfjardabyggd.is er í smíðum og er væntanleg í loftið von bráðar. Þá hefur þessi glænýi vefur ásamt sveitarfélagavefnum á **fjardabyggd.is** verið aðlagður snjalltækjum og má því vafra um þá báða á borðtölvu, spjaldtölvu eða snjallsíma – allt eftir hentugleikum.



Fylgstu með því sem er á döfinni á visitfjardabyggd.is eða láttu okkur vita af því sem þig langar að koma á framfæri á fjardabyggd@fjardabyggd.is.

